



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**584. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 6. september 2024  
og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**

Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Þór Sigurgeirsson, varaformaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins, dags. 6. september 2024, þar sem fram kemur ósk um tilnefningu SSH á þremur fulltrúum í stýrihóp sem bera mun ábyrgð á vinnu við undirbúning stofnunar nýs félags á um almenningssagöngur á höfuðborgarsvæðinu. Er skipan stýrihópsins til samræmis við og liður í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald sem undirritaður var 21. ágúst sl. Umræður.

**Niðurstaða:**

*Eftirfarandi eru tilnefnd af hálfu SSH í stýrihóp sem ber ábyrgð á vinnu við undirbúning nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu:*

*Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar.*

*Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.*

*Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.*

*Fundað verði með kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu og Stefnumráði byggðasamlaganna eftir því sem málum vindur fram. Er þá einnig gert ráð fyrir því að fulltrúar SSH í stýrihópnum sækji sérfræðipækkingu til starfsfólks Strætó bs. og sveitarfélaganna eftir því sem tilefni er til.*

**2. Fyrirkomulag almenningssamgangna á Íslandi - 2109008**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dag. 3. september sl. með beiðni um tilnefningu í starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi. Fyrri starfshópur var skipaður 21. september 2021 og hefur starfað, með hléum, síðan. Nýjum starfshópi er ætlað að vinna á grunni þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram. Núverandi fulltrúi SSH í starfshópnum er Páll Björgvin Guðmundsson, en til samræmis við 28. gr. jafnréttislaga nr. 150/2020 voru hann og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögræðingur SSH tilnefnd af hálfu SSH.

Verður starfshópurinn skipaður til og með 30. nóvember 2024, en honum er



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

ætlað að skila tillögum að fyrirkomulagi almenningsamgangna til ráðherra fyrir 13. nóvember nk. Tillögurnar verða nýttar við vinnu ráðuneytisins við smíði lagafrumvarps um almenningsamgöngur á Íslandi, óháð samgöngumáta, og skulu m.a. miða að samþættu leiðarkerfi og því að efla almenningsamgöngur milli byggða með því að gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt er að tilnefning SSH verði óbreytt frá því sem verið hefur. Eru Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir því tilnefnd af hálfu SSH.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**